




Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík 25. janúar 2023  
MÍ202301-0184/ 6.07 / K.M.

## Efni: Breytingar á Hamraneslínunum 1 og 2.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 16. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Landsnet áformar að breyta Hamraneslínunum 1 og 2 í Hafnarfirði og Garðabæ. Hamraneslínur 1 og 2 liggja í dag frá tengivirki Landsnets á Geithálsi að tengivirki Landsnets í Hamranesi. Línurnar liggja innan þéttbýlismarka Hafnarfjarðar og þvera svæði sem hafa verið deiliskipulögð sem íbúðasvæði. Uppbygging er þegar hafin á svæðinu og er þörf á að færa línurnar út fyrir byggðina, en áform Landsnets eru að leggja línurnar í jörðu frá Hamranesi að Setbergshlíð. Í skýrslu Landsnets segir að framkvæmdin felist í niðurrifi mastra og lagningu 4,6 km jarðstrengs. Rífa þurfi niður 14 möstur Hamraneslína 1 og 2 sem liggja í dag frá tengivirki Landsnets í Hamranesi í Hafnarfirði og að Urriðakotsdal í Garðabæ. Jarðstrengur verði lagður í staðinn, nokkru sunnan við núverandi legu mastra Hamraneslínu.

Í skýrslu Landsnets kemur fram að möstrin sem fella þarf eru frá mismunandi tímum og nota þarf mismunandi aðferðir við niðurrif þeirra. Í öllum tilfellum þarf þó að koma stórvirkum vélum að möstrunum. Í skýrslunni kemur fram að aðkomuleiðir að Hamraneslínunum 1 og 2 eru misgóðar og því þarf væntanlega að bæta veginn að minnsta kosti að hluta. Í skýrslunni segir að útbúa þurfi vegslóðir meðfram fyrirhugaðri háspennulínu sem fær er þungaflutningabílum að sumarlagi. Leitast verði við að hafa slóðagerð í lágmarki og núverandi slóðir og vegir verða nýttar eftir því sem kostur er. Þá segir að við lagningu 220 kV jarðstrengs verði rask á belti sem sé 20 m í þvermál, í miðju þess beltis verður vegslóð sem notuð verður við lagningu strengs og nýttist, komi til viðhalds.

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slukur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

Í kafla 4.5 í skýrslu Landsnets er fjallað um fornminjar og má af textanum ráða að Fornleifafræðistofan hafi kannað svæðið sem fyrirhugaður jarðstrengur á að liggja um. Í skýrslunni segir: *Kannað var allt að 30 m svæði sitt hvorum megin við fyrirhugaða jarðstrengslínu.* Í skýrslunni segir að Hrauntungustígur séu einu fornleifarnar í nágrenni fyrirhugaðs jarðstrengs. Leiðin er sýnd á mynd 4.12 í skýrslunni. Þá segir að legu jarðstrengsins hafi verið hliðrað vegna leiðarinnar.

Minjastofnun kannast ekki við að hafa fengið gögn þar sem gerð er grein fyrir þessari úttekt Fornleifafræðistofunnar. Í skýrslu Landsnet er engin heimildaskrá þannig að ekki er hægt að sjá heiti umræddrar skýrslu né hvenær hún var gefin út.

Minjastofnun Íslands veitti nýlega umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna færslu Hamraneslína 1 og 2 og lagningu línanna í jörð. Í umsögninni var vakin athygli á að fyrirbyggjandi eru tvær skýrslur frá árinu 2021, *Fornleifaskrá Hafnarfjarðar VIII. Ásland* og *Fornleifaskrá Hafnarfjarðar IX. Kaldársel og nágrenni.* Í báðum skýrslunum eru góð yfirlitskort sem sýna skráðar minjar og af þeim er ljóst að minjar eru í námunda við fyrirhugað línustæði. Í umsögninni kom jafnframt fram að þó að skýrslurnar gefi gott yfirlit yfir minjar á svæðinu þá hafi línustæðið ekki verið skoðað sérstaklega á vettvangi. Í umsögninni var farið fram á að fornleifafræðingur verði fenginn til að ganga línustæðið og mæla upp og skrá þær minjar sem hugsanlega koma í ljós á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Í skýrslu Landsnets er ekki gerð grein fyrir nákvæmri staðsetningu jarðstrengsins. Af loftmyndum í skýrslunni og upplýsingum úr fyrirbyggjandi fornleifaskráningarskýrslum er ekki hægt að meta fjarlægð framkvæmdasvæðis strengsins frá einstaka fornleifum. Austurendi strengsins mun liggja innan marka Garðabæjar. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá 2009, *Fornleifaskráning í Garðabæ.* Sel (GK-173:051) er skráð á því svæði þar sem strengurinn á að liggja. Um er að ræða tóft framan við lítinn skúta og grjóttgarð fast austan við hana. Erfitt er að meta, út frá fyrirbyggjandi gögnum, hvort selið er í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Nokkurt misræmi virðist vera milli fullyrðinga í skýrslu Landsnet um að einungis sé ein gömul leið, Hrauntungustígur, í nágrenni línuleiðarinnar og þeirra vísbendinga um fornleifa í nágrenni línuleiðarinnar sem finna má í fyrirbyggjandi fornleifaskráningarskýrslum.

Minjastofnun Íslands telur að ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn til að hægt sé að meta áhrif lagningu jarðstrengs frá Hamranesi að Setbergshlíð á fornleifar né vegna niðurrifs á 14 möstrum Hamraneslína 1 og 2. Að mati stofnunarinnar þarf að fá fornleifafræðing til að kanna fyrirhuguð framkvæmdasvæði og mæla upp fornleifar sem kunna að vera

innan þeirra eða í næsta nágrenni þeirra. Sýna þarf staðsetningu og útlínur fornleifa á loftmynd/korti ásamt fyrirhugaðri staðsetningu jarðstrengsins og fyrirhuguðu rasksvæði vegna niðurrifs mastra. Taka þarf tillit til fornleifar þegar lagnaleið jarðstrengsins verður endanlega ákveðin. Vakin er athygli á að í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að friðhelgað svæði umhverfis fornleifar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Minjastofnun er kunnugt um að í framhaldi af umsögn stofnunarinnar um skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar fer fram frekari skoðun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði innan bæjarfélagsins á vegum Byggingasafns Hafnarfjarðar.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.**

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))




Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík 10. febrúar 2023  
Mf202301-0184/ 6.07 / K.M.

## Efni: Breytingar á Hamraneslínunum 1 og 2.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 9. feb. s.l. þar sem óskað er eftir svari stofnunarinnar við viðbrögðum Landsnets við umsögn Minjastofnunar, dags. 25.01.2023, um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Minjastofnunar kom fram að stofnuninni hefði ekki borist fornleifaskráningarskýrsla sem umfjöllun Landsnet í kynningarskýrslu framkvæmdarinnar byggði á. Í umsögn Minjastofnunar var vakin athygli á tveimur skýrslum frá árinu 2021, *Fornleifaskrá Hafnarfjarðar VIII. Asland* og *Fornleifaskrá Hafnarfjarðar IX. Kaldársel og nágrenni*. Fyrirhuguð lega jarðstrengs er að hluta innan skráningarsvæða sem tekin voru fyrir í þessum skýrslum.

Í umsögninni sagði að í skýrslu Landsnets væri ekki gerð grein fyrir nákvæmri staðsetningu jarðstrengsins. Af loftmyndum í skýrslunni og upplýsingum úr fyrirbyggjandi fornleifaskráningarskýrslum væri ekki hægt að meta fjarlægð framkvæmdasvæðis strengsins frá einstaka fornleifum. Austurendi strengsins mun liggja innan marka Garðabæjar. Vakin var athygli á að fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá 2009, *Fornleifaskráning í Garðabæ*. Sel (GK-173:051) er skráð á því svæði þar sem strengurinn á að liggja. Um er að ræða tóft framan við lítinn skúta og grjóttgarð fast austan við hana. Í umsögn Minjastofnunar kom fram að erfitt væri að meta, út frá fyrirbyggjandi gögnum, hvort selið væri í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Í viðbrögðum Landsnets kemur fram að fyrir liggur skýrsla Fornleifafræðistofnunar frá árinu 2021, *Fornleifaskráning við hina fyrirhuguðu Lyklafellslínu 1 í Gullbringusýslu, jarðstrengsvalkostur*. Skýrslan fylgdi með tölvupósti Skipulagsstofnunar. Sú breyting á Hamraneslínunum 1 og 2 sem hér er til umfjöllunar er aðeins lítill hluti þeirrar línuleiðar sem fjallað er um í skýrslunni. Í viðbrögðum Landsnet segir að rétt sé að áreitta það að leiðin var ekki könnuð á vettvangi heldur einungis með skrifborðsúttekt. Samkvæmt úttekt Fornleifafræðistofnunar er Hrauntungustígur einu fornleifarnar í nágrenni fyrirhugaðs jarðstrengs eins og fram kom í kynningarskýrslu Landsnets.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýstustigi og ekki kærnulegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.


Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Í viðbrögðum Landsnets er gerð grein fyrir athugun á gögnum úr skýrslunum sem Minjastofnun vakti athygli á í umsögn sinni. Á mynd 1 er lega línunnar sýnd ásamt fornleifum í næsta nágrenni hennar. Fram kemur hversu lang frá fyrirhuguðum jarðstreng fornleifarnar eru. Varða (2658-52) er í 13 m fjarlægð frá jarðstrengnum og varða (2658-51) er í 67 metra fjarlægð frá strengnum. Aðrar fornleifar eru fjær. Selið við Gráhellu (GK-173:051) verður í rúmlega 100 m fjarlægð frá jarðstrengnum. Innan áhrifasvæðis framkvæmdar við niðurrif Hamraneslínu 1 og 2 er hleðsla (2658-47). Hleðslan er í 80 m fjarlægð frá núverandi loftlínum. Aðrar fornleifar í nágrenni loftlínanna eru fjær þeim.

Í viðbrögðum Landsnet segir: *Landsnet mun láta fornleifafræðing ganga leiðina og niðurstöður þeirra rannsókna verða nýttar við endanlega útfærslu á legu jarðstrengs. Skráning verður gerð á fyrirhugaðri lagnaleið og 30 m belti tekið út, 15 m hvoru megin við miðlínu lagnaleiðarinnar. Leiði fornminjakönnun í ljós áður óþekkta minjastaði verður strengleiðinni hnikað til eða gripið til annarra aðgerða sem minjavörður leggur til. Minjastofnun minnir á að gera þarf stofnuninni grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og viðbrögðum Landsnets við henni. Minjastofnun mun í framhaldinu ákveða hvort og þá til hvaða mótþægisáðgerða skuli gripið vegna fornleifa.*

Í trausti þess að fullnægjandi fornleifaskráning fari fram á fyrirhugaðri línuleið Hamraneslínu 1 og 2 og á framkvæmdasvæði vegna niðurrifs loftlína telur Minjastofnun að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti alðurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri


Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))



Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík, 23. janúar 2023  
UST202212-158/B.S.  
10.04.02

### Efni: Umsögn - Breyting á Hamraneslínunum 1 og 2. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 16. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um nýjar línuleiðir Hamraneslína 1 og 2.

Breytt lega línanna er vegna fyrirhugaðra framkvæmda á á núverandi línuleiðum innan þéttbýlis í Hafnarfirði. Ráðgert er að leggja línurnar í jörð frá Hamranesi að Setbergshlíð utan við fyrirhugaða íbúðabyggð og að loftlínur verði fjarlægðar.

Strengleiddin mun að hluta liggja um hraun. Gróður er að hluta mosi, lúpína og hríslur sem hafa verið gróðursettar. Umhverfisstofnun hefur áður lýst þeirri skoðun að á landi eins og því sem hér um ræðir eru loftlínur betri kostur en jarðstrengir sem fleyga þarf niður í bergið ef ekki er unnt að leggja strenginn í laus jarðlög. Aðstæður við Hafnarfjörð eru með þeim hætti að nánast ómögulegt er að forðast rask á hrauni. Í framtíðinni mætti skoða betur staðsetningar tengivirkja því tengivirki staðsett á eða við hraun mun hafa mikið rask í för með sér. Hér er um að ræða hraun sem þegar hefur verið raskað og fyrirhuguð er enn frekari röskun vegna nýrra íbúðahverfa.



Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Greinargerðin er vönduð og ítarleg.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar 2023

## Efni: Umsögn Veitna vegna fyrirspurnar um matsskyldu breytinga á Hamraneslínunum 1 & 2

Veitur hafa fengið til umsagnar fyrirspurn um matsskyldu breytinga á Hamraneslínunum 1 & 2, dagsett 30.06.2022.


Tilkynningin greinir frá framkvæmdum og mögulegum umhverfisáhrifum vegna breytinga á Hamraneslínunum 1 & 2 (HN1&2) í Hafnarfirði og Garðabæ. Fram kemur að framkvæmdin felist í niðurrífi mastra sem liggja í dag frá tengivirki Landsnets í Hamranesi í Hafnarfirði og að Urriðakotsdal í Garðabæ og lagningu 4,6 km jarðstrengs í stað þeirra. Veitur hafa rýnt tilkynninguna með tilliti til áhrifa á innviði og mannvirki Veitna.

Veitur sækja neysluvatn í vatnsból á Heiðmerkursvæðinu sem er dreift til íbúa og fyrirtækja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í tilkynningunni að niðurrif mastra og lagning jarðstrengs séu utan vatnsverndarsvæðis og að möstur línanna innan vatnsverndarsvæða muni standa áfram en þó sé gert ráð fyrir viðhaldi þeirra. Veitur taka undir með Landsneti að það viðhald skuli, sökum viðkvæmni vatnsverndarsvæða, vera háð eins stýrðum aðstæðum og mögulegt sé og í samræmi við áhættumat og önnur skilyrði sem mótuð eru í starfsleyfi heilbrigðiseftirlits vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæða. Veitur leggja til að Landsnet bæti við setningu í kafla 7.1, um leyfi sem framkvæmdin er háð, að sótt verði um tímabundið starfsleyfi til heilbrigðiseftirlitsins í samræmi við samþykkt nr. 555/2015 vegna viðhalds á þeim hluta línanna sem liggja innan vatnsverndarsvæða, þegar að því komi.

Virðingarfyllst,  
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK



Garðabær, 19.1.2023  
Málsnúmer: 202212-0028  
IAS/BK/RT

### Efni: Umsögn um matsskyldu fyrirspurn-breytingar á Hamraneslínunum.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 16. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um matskyldu fyrirspurn vegna breytinga á Hamraneslínunum, í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og að hún þurfi ekki að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum. Lagning Hamraneslínu í jarðstreng frá Setbergshlíð að Hamranesi var skoðuð sem einn af valkostum við mat á umhverfisáhrifum Lyklafellslínu 1, þ.e. valkostur 3, jarðstrengur í þéttbýli og sem 0-kostur 2, jarðstrengur að Urriðakotsdal. Áhrif þessarar framkvæmdar liggja því að mestu leyti fyrir en Náttúrufræðistofnun kemur með eftirfarandi ábendingar.

Strengleiðin er utan allra verndarsvæða en hann liggur á tveimur stöðum í gegnum nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd (lög nr. 60/2013).

Jarðstrengurinn á að liggja í gegnum Gráhelluhraun á um 1 000 m kafla á bæjarmörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Í Hafnarfirði er strengleiðin eftir reiðvegi í hrauninu á um 700 m kafla og í Garðabæ liggur leiðin um 250 m í gegnum ósnortið hraunið. Hér þarf að fara varlega og passa að hraunhellum verði ekki raskað en samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er möguleiki á að hraunhellar séu á línuleiðinni. Einnig verður rask á nútímahrauni á leiðinni frá Hvaleyrarvatnsvegi að tengivirkimu í Hamranesi en það er á stuttum kafla og aðrir möguleikar ekki í boði.

Kjarrskógavist hefur allnokkra útbreiðslu til beggja enda athugunarsvæðisins. Hún er skilgreind sem forgangsvistgerð og verndargildi hennar er metið hátt (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016, Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Vistgerðin er einnig á lista Bernarsamningsins auk þess sem hún nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd að teknu tilliti til mikilvægis skóglendis (Council of Europe 2019, Lög um náttúruvernd nr. 60/2013). Einnig er mögulegt er að sjaldgæfar plöntutegundir verði fyrir áhrifum. Ein tegund á valista æðplantna, blátoppa sem hefur verið friðuð frá því í nóvember 2021 (Auglýsing um friðun æðplanta, mosa og fléttna, nr. 1385/2021), gæti mögulega fundist á svæðinu en hún er t.d. skráð á Ásfjalli. Þá gætu sjaldgæfar burknategundir fundist í hraungjótum bæði í Gráhelluhrauni og sunnan við Hamranes.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að ef horfið hefur verið frá niðurrifi Hamraneslína í heild sinni, þá er brýn nauðsyn að ráðist verði í aðgerðir til að draga úr áflugi þar sem línuleiðin liggur yfir vatnasvið Elliðavatns og árangur aðgerða vaktaður. Lega Hamraneslína á þeim slóðum er skólabókardæmi um afleita staðsetningu með tilliti til fuglalífs en þarna eru fuglarík vötn og því töluverð umferð vatnafugla sem eru meðal þeirra fuglahópa sem hvað hættast er við áflugi. Þá eru Hamraneslínur á nokkrum hæðum og mynda því hálfgerðan vegg sem einnig eykur hættuna á áflugi.

Skaðsemi Hamraneslína hefur verið staðfest en Hafsteinn Björgvinsson, umsjónarmaður vatnsverndarsvæða í Heiðmörk, hefur haldið skrá yfir dauðsföll fugla af völdum línanna þar sem þær liggja yfir Hrauntúnstjörn og á þessu eina staurabili voru á árunum 1996-2020 samtals skráðir 133 fuglar af 17 tegundum (Hafsteinn Björgvinsson, óbirt gögn). Staðsetning þessara lína er sérstaklega





óheppileg með tilliti til himbrimavarps við tjörnina en ungarnir eru mjög gjarnir að fljúga á línuna þegar þeir eru í flugæfingum (Hafsteinn Björgvinsson 2021).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu en er tilbúin til frekari ráðgjafar ef þess er óskað.


Heimild:

Hafsteinn Björgvinsson 2021. Fuglar og önnur dýr á verndarsvæðum vatnsbóla Reykjavíkur. Tuttugasta og fimmta útgáfa. Veitur, 2021-001. Reykjavík: Veitur.


Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur



**HAFNARFJÖRÐUR**



Hafnarfirði, 16. janúar 2023

**Breytingar á Hamraneslínunum 1 & 2. Umsögn vegna matskyldufyrirspurnar Landsnets sem send var á Skipulagsstofnun, sem óskar eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar í samræmi við 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.**

Landsnet hefur sent Skipulagsstofnun fyrirspurn vegna matskyldu vegna framkvæmda á Hamraneslínunum 1 & 2. Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar vegna þessarar fyrirspurnar þar sem fram þarf að koma hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Einnig er óskað eftir hvort að það séu einhver atriði sem þarf að skýra frekar og hvort að þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tillita til viðmiða sem fram koma í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Óskað er eftir að umsögnin geri grein fyrir þeim leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfsviði umsagnaraðila.

**Umsögn:**

Skýrslan gerir ágætlega grein fyrir framkvæmdinni og þeim umhverfisþáttum sem verkið tekur til. Svæðið er vissulega viðkvæmt frá umhverfislegum sjónarmiðum og er það alveg ljóst að setja þessar línur í jörðu, eykur á umhverfisleg gæði, bæði hvað varðar ásýnd og eins er kærkomið að losna við vindgnaðið sem fylgir þessum línunum þegar vind hreyfir.


Það kemur fram í skýrslunni að núverandi staðsetning er farin að hamla uppbyggingu á nýjum íbúðarsvæðum í bænum og eins er svæðið nýtt af stórum hópi útivistarfólks, þá vaknar upp sú spurning hvers vegna Hnoðraholtslínan sé skilin eftir ofanjarðar, þar sem hún liggur nánast samhliða Hamraneslínunum.

Væri ekki nær að losna alfarið við þessar línur í jörðu og þar með myndi áhrif framkvæmdarinnar verða víðtækari?

Í kafla 4.4.4 Náttúru- og hverfisvernd vantar að nefna sjálft Gráhelluhraunið, en í núgildandi aðalskipulagi segir:

Gráhelluhraun (HVc2) Söguleg skógræktargirðing ævintýrlegt að skjólgott útivistarsvæði innan um ósnert hraun. Hverfisverndarákvæði: Í hverfisverndinni felst að ekki má raska landi né spilla minjum.

Það þarf að setja Gráhelluna (tóftina) inná mynd 4.11 ásamt fjárborg við Ásfjall þannig að hægt sé að átta sig á staðsetningu þessara minja. Það sama gildir um mynd 4.12. Það þarf að sýna allar skráðar fornminjar á henni en ekki bara hluta.



## HAFNARFJÖRÐUR

Það kemur ekki fram hversu langur framkvæmdatíminn sé, einungis talað um að verklegar framkvæmdir séu árið 2024.

Í kafla 5. i kemur fram að rask á kjarrskógum innan framkvæmdasvæðisins sé um 0,8 ha og að verndargildi þeirra er hátt þar sem birkiskógar njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Einnig þarf að fella tré á skógræktarsvæði í Gráhelluhrauni. Það þarf að gera nánar grein fyrir hvernig Landsnet muni bæta fyrir það tjón ásamt að gera grein fyrir hvernig meðhöndlun kjarrskógarins muni eiga sér stað, á að taka þessi tré til hliðar og planta þeim aftur, eða á að farga þessum kjarrskógi?

Gráhelluhraunið er elsta skógræktarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og liggja fyrir drög að deiliskipulagsi svæðisins, það þarf að stilla saman strengi til þess að hægt sé að nota lagnasvæðið í gerð reiðstíga ásamt græna stíginn í græna treflinum þar sem strengurinn fer í jörðu.

Nú þverar þessi lagnaleið kaldvatnsstrengi, hvernig er sú framkvæmd hugsuð?

### Leyfi sem snúa að bæjarfélaginu:

- Framkvæmdaleyfi verður gefið út á grundvelli skipulagslaga og skipulagsreglugerðar
- Ef raska þarf fornminjum þarf leyfi Minjastofnunar í samráði við byggðasafn Hafnarfjarðar
- Allar trjáfellingar kalla á leyfi landeiganda og skógræktarfélags Hafnarfjarðar en öll felling skóga er óheimil nema með fengnu leyfi sveitarfélagsins
- Hestamannafélagið Sörli er umsagnaraðili
- Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar gefur starfsleyfi ef mótuneyti verður sett upp í tengslum við framkvæmdina skv. ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995.



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlit

18. jan. 2023

202211074

Reykjavík, 18. janúar 2023

Tilvísun: 2023010151/25.24

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK  
Ísland

## Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um breytingu á Hamraneslínunum 1 og 2

Vísað er til tölvubræfs Skipulagsstofnunar dags. 16. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um það hvort breyting á Hamraneslínunum 1 og 2 skuli vera háð mati á umhverfisáhrifum. Þá skal tilgreint hvort gert sé nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila. HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja og veitir eftirfarandi umsögn.

Framkvæmdin er ekki á eftirlitssvæði HER og því ekki háð starfsleyfi þess.

Að mati HER er almennt gert vel grein fyrir framkvæmdinni. Miðað við þau gögn sem fyrir liggja telur HER ekki þörf á að fyrirhuguð breyting fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir


Heilbrigðisfulltrúi





GARÐABÆR  
www.gardabaer.is

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík  
landsnet@landsnet.is



Garðabæ, 9. mars 2023

Mál nr. 2301105

### Efni: Breyting á legu Hamraneslínu.

Með tölvupósti, dags. 16. desember sl. barst Garðabæ umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnum vegna tilkynningar Landsnets hf., skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, um framvæmd á breytingu á legu Hamraneslínu innan bæjarmarka Garðabæjar.

Umsagnarbeiðnin var tekin fyrir á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem ahldinn var 10. janúar sl. og var málinu vísað til umfjöllunar skipulagsnefndar.

Á fundi skipulagsnefndar sem haldinn var 23. febrúar sl. var málið á dagskrá og eftirfarandi bókað í fundargerð.

Lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagstofnunar um tilkynningu Landsnets um fyrirhugaðar framkvæmdir og möguleg umhverfisáhrif vegna breytinga á Hamraneslínunum 1 & 2 (HN1&2) í Hafnarfirði og Garðabæ. Skipulagsnefnd bendir á að áform Landsnets um legu háspennulínu innan marka Garðabæjar hafa breyst verulega á stuttum tíma (og falla ekki að núverandi skipulagi). Nefndin telur að við þessar aðstæður sé eðlilegt að Garðabæ gefist svigrúm til að taka upp viðræður við Landsnet til að ræða stöðu legu háspennulína innan bæjarins og móta tillögur í því sambandi sem falla að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar þar sem háspennulínur eru lagðar í jörð eins og eðlilegt er að gera í byggð og á útvistarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Í greinargerð Landsnets kemur ekki fram að Gráhelluhraun nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 (5.27 HV) en þar segir: "Vernda skal náttúrulega gróðurþekju hraunsins, mosa og lynggróður og er óheimilt að rækta í því landi án leyfis bæjaryfirvalda. Þá skal aldrei gróðursetja barrviði eða aðrar aðfluttar tegundir í hraunið, heldur eingöngu íslenskar tegundir" Auk þess kemur einnig fram í kafla 5.2. í greinargerð aðalskipulags Garðabæjar að stefnt sé að friðlýsingu Gráhelluhrauns í samráði við Umhverfisstofnun. Í töflu 5.2. segir m.a. að nýr jarðstrengur muni ekki liggja um hverfisverndarsvæði en það fær ekki staðist miðað við þá tillögu sem sett er fram í fyrirspurninni. Mynd 4.1. í greinargerð Landsnets sýnir vistlendi við fyrirhuguð strengleið liggur innan marka Garðabæjar sem graslendi sem er ekki rétt. Um er að ræða Gráhelluhraun sem sýna ætti sem hraunlendi. Samkvæmt greinargerð Landsnets mun jarðstrengur liggja á rúmlega 200 metra kafla yfir ósnert hraun og verða þau ummerki óafturkræf. Í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir að Hamraneslína víki og að

Hnoðraholtslína verði lögð í jörð. Ekki liggur enn fyrir í hvaða legu Hnoðraholtslína og eftir atvikum Hamraneslína verði lagðar í jörð í Garðabæ sem mikilvægt er fyrir Garðabæ að liggi fyrir. Skipulagsnefnd telur einnig ástæðu til þess að skoða þann möguleika að Hamraneslína verði loftlína áfram að Kaldársselsvegi sem krefst ekki breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 að svo stöddu. Skipulagsnefnd telur að við þessar aðstæður sé eðlilegt að Garðabæ gefist svigrúm til að taka upp viðræður við Landsnet til að ræða stöðu og legu háspennulína innan bæjarins og móta tillögur í því sambandi. Slíkar tillögur þurfa að vera í samræmi við stefnu í aðalskipulagi Garðabæjar þar sem háspennulínur eru lagðar í jörð eins og eðlilegt er að gera í byggð og á útivistarsvæðum í nálægð byggðar. Í ljósi ofangreinds getur skipulagsnefnd ekki að svo stöddu gert tillögu til bærarstjórnar um jákvæða umsögn varðandi fyrirhugaða framkvæmd Landsnets, vegna breytinga á Hamraneslínum 1 & 2 (HN1&2) í Hafnarfirði og Garðabæ.

Afgreiðsla skipulagsnefndar var á dagskrá bæjarráðs Garðabæjar að nýju 28. febrúar sl. og eftirfarandi bókað í fundargerð.

Í bókun skipulagsnefndar kemur fram að nefndin telji nauðsynlegt að svigrúm gefist til að taka upp viðræður við Landsnet til að ræða stöðu og legu háspennulína innan bæjarins og móta tillögur í því sambandi. Slíkar tillögur þurfa að vera í samræmi við stefnu í aðalskipulagi Garðabæjar þar sem háspennulínur eru lagðar í jörð eins og eðlilegt er að gera í byggð og á útivistarsvæðum í nálægð byggðar. Bæjarráð tekur undir bókun skipulagsnefndar og felur bærarstjóra að hlutast til um að viðræður fari fram við Landsnet um stöðu mála.

Fundargerð bæjarráðs var til afgreiðslu á fundi bærarstjórnar 2. mars sl.

Í samræmi við ofangreinda bókun bæjarráðs er leitað eftir því að eiga viðræður við stjórnendur Landsnets hf. um stöðu mála.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.

Afrit sent:

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Skjalnúmer: 202211074

Kópavogur, 8. febrúar 2023  
Tilvísun: K-18176

Sent á netföngin: [jakob@skipulag.is](mailto:jakob@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

*Umsögn heilbrigðisnefndar*

## Umsögn um fyrirspurn um matsskyldu, breyting á Hamraneslínunum 1 og 2 (HN1&2).

Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldin var 30. janúar 2023 var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 16. desember 2022 þar sem óskað var umsagnar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar. Landsnet áformar framkvæmdina og sendi tilkynningu til Skipulagsstofnunar með vísan til 19. greinar laga um umhverfisáhrif framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Heilbrigðisnefnd er umsagnaraðili samkvæmt 20. grein sömu laga. Frestur til að veita umsögn var til 19. janúar en Skipulagsstofnun veitti frest til 2. febrúar.

Áformuð framkvæmd er fólgin í því að taka niður hluta Hamraneslína 1 og 2 (loftlínur og 14 háspennu-möstur) milli Urriðakotsdals í Garðabæ og Hamraness í Hafnarfirði, byggja strengendavirki í Urriðakotsdal og leggja þaðan 4,6 km. langan jarðstreng að spennistöðinni í Hamranesi. Nyrsti hluti leiðarinnar er í landi Garðabæjar utan byggðar, en syðri hlutinn í landi Hafnarfjarðar. Hluti núverandi línustæðis liggur innan þéttbýlismarka Hafnarfjarðar og þverar svæði sem hefur verið deiliskipulagt sem íbúðasvæði. Við framkvæmdina verða línurnar færðar út fyrir áformaðar byggingar í deiliskipulagi en uppbygging er þegar hafin á svæðinu.

Greinagerð Landsnets, *Fyrirspurn um matsskyldu, breytingar á Hamraneslínu 1&2 dagsett 13.12.2022 unnin af Mannviti*, fylgdi fyrirspurninni en óskað er eftir mati nefndarinnar hvort þar sem nægjanleggerð grein fyrir umfangi og umhverfisáhrifum framkvæmdar sem og hugsanlegar leyfisveitingar heilbrigðisnefndar.

Þá hefur skipulagið í Hafnarfirði óskað eftir umsögn heilbrigðisnefndar um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er varða sömu áform.

Lagning rafstrengja í jörð og bygging strengendavirkis utan vatnsverndarsvæða er hvorki leyfisskyld né skráningaskyld hjá heilbrigðisnefnd og lýtur ekki almennu umhverfiseftirliti heilbrigðisnefndar. Niðurrif mannvirkja er hins vegar, samkvæmt reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur (liður 30) nr. 830/2022 (reglugerðin byggir á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b.) skráningaskyld á vefsetrinu; [island.is](http://island.is). og fellur undir mengunarvarnaeftirliti nefndarinnar.


Tillaga að bókun:

„Nefndin hefur yfirfarið erindi Landsnets. Nefndin telur að í matsskyldufyrirspurn sé áformaðri framkvæmd nægjanlega lýst sem og umfangi og nauðsynlegum mótvægisáðgerðum. Heilbrigðisnefnd gerir ekki kröfu um að boðuð framkvæmd fari í umhverfismat“.

Komi til boðaðrar framkvæmdar er athygli Landsnets vakin á tveimur verkþáttum sem þarf að hafa sérstaklega í huga við skipulagningu framkvæmdar.

- A. Áformuð lagnaleið liggur líkast til yfir gamlan sorpurðunarstað í Hamranesi. Sorp sem þar kann að verða grafið upp þarf að farga á viðurkenndum sorpurðunarstað.
- B. Áformuð lagnaleið mun þvera Kaldárselsveg og Gráhelluhraun og þar með liggja þvert á stofnlögn vatnsveitunnar frá Kaldárbotum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

  
Páll Stefnisson  
heilbrigðisfulltrúi